

Stjórnarfundur 304

FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
29.11.2024	Fundarsalur NO 4.hæð	Stjórnarfundur 304
Fundarritari	Fundartími	
Gunnur Ýr Stefánsdóttir	08.30 - 10.42	
Stjórn	Fjarverandi	
Hlynur Jóhannsson, formaður Geir Kristinn Aðalsteinsson Hilda Jana Gísladóttir Sóley Björk Stefánsdóttir Þórhallur Jónsson Þröstur Friðfinnsson, áheyrnafulltrúi		
Starfsfólk		
Eyþór Björnsson Gunnur Ýr Stefánsdóttir		
Gestir		
Ólafur Róbert Rafnsson á fjarfundi		

Dagskrá fundar:

1. **Áhættustefna Norðurorku hf.**
2. **Erindi frá Artic Hydro varðandi Fallorku**
3. **Erindi frá Grýtubakkahreppi varðandi Reykjaveitu**
4. **Starfsáætlun stjórnar 2025**
5. **Erindi frá stjórn Vistorku**
6. **Trúnaðarmál**
7. **Önnur mál**

1. Áhættustefna Norðurorku hf.

Upplýsingaöryggisstjóri Norðurorku kynnir drög að áhættustefnu félagsins. Stjórn ber að staðfesta áhættustefnu. Með áhættustefnu fylgir yfirlétt „yfirlýsing um áhættuvilja“ en hér er lagt til að fært verði til bókar að í framhaldi af innleiðingu á formlegu verklagi áhættustjórnunar verði gerð tillaga að áhættuvilja og það kynnt síðar á stjórnarfundi.

Forstjóra falið að uppfæra stefnu í samræmi við umræðu á fundinum og leggja fyrir á næsta fundi stjórnar.

2. Erindi frá Artic Hydro varðandi Fallorku

Artic Hydro hefur sent erindi til stjórnar Norðurorku hf. og óskað eftir formlegum, óskuldbindandi viðræðum um möguleika á samstarfi og hugsanlega sameiningu Artic Hydro og Fallorku.

Samþykkt að óska eftir afstöðu eiganda og í framhaldinu fara í frekari greiningarvinnu ef tilefni er til.

3. Erindi frá Grýtubakkahreppi varðandi Reykjaveitu

Erindi hefur borist frá sveitarstjóra Grýtubakkahrepps, fyrir hönd sveitarstjórnar, að tekið verði til umræðu hjá stjórn Norðurorku að Reykjaveita hækki minna en 7,5%.

Stjórnarformaður bar upp tillögu um vanhæfi áheyrnafulltrúa sem var samþykkt og því vék áheyrnafulltrúi af fundi undir þessum lið.

Samþykkt að verðskrá Reykjaveitu hækki um 5,5%.

4. Starfsáætlun stjórnar 2025

Stjórn ræddi drög að starfsáætlun fyrir árið 2025.

Forstjóra falið að vinna starfsáætlunina áfram í samræmi við umræðu á fundinum og koma með inn á næsta fund stjórnar.

5. Erindi frá stjórn Vistorku

Stjórn Vistorku hefur undanfarið unnið að tillögu um framtíð verkefna Vistorku og leggur þær fyrir stjórn Norðurorku. Einnig er stjórn Norðurorku sendur samningur um starfslok fráfarandi framkvæmdastjóra til upplýsingar.

Tillaga frá stjórn Vistorku samþykkt og stjórn Norðurorku felur forstjóra að fylgja því eftir að leggja niður félagið.

6. Trúnaðarmál - Skráð í trúnaðarmálagerðarbók.

7. Önnur mál

a) Forstjóri upplýsti um breytingu í stjórn Eims og ástæður þess.

b) Flutningur dreifistöðvar úr húsnæði Sundlaugar Akureyrar. Ábending frá skipulagsráði um að hugað verði sérstaklega að útliti og staðsetningu við hönnun nýrrar stöðvar.

a) Til upplýsingar.

b) Til umræðu.